

Alþingi
Erindi nr. B 139/379
komudagur 24.11.2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglu. (59.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í formlega innleiðingu fjármálareglu.

Viðskiptaráð Íslands styður þau markmið sem koma fram í ofangreindri tillögu til þingsályktunar. Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með tillögunni að með góðri og rétttri hagstjórn má draga úr sveiflum gjaldmiðils þannig að hann nýtist hagkerfinu með sem bestum hætti.

Viðskiptaráð hefur fjallað um helstu atriði tillögunnar í skrifum sínum undanfarin misseri. Í því samhengi er sérstaklega bent á skýrslu Viðskiptaráðs *Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar*¹ og skoðun ráðsins sem kom út júní síðastliðinn undir heitinu *Ríkisfjármál – samstaða um bætt vinnubrögð*². Auk þessa hefur fjöldi fréttu verið birtar á vef og vísast hér sérstaklega til röð fréttu frá október síðastliðnum undir yfirheitinu *Styrkjum fjárlagagerðina*³.

Í skoðuninni *Ríkisfjármál – samstaða um bætt vinnubrögð* lagði Viðskiptaráð fram tillögur sem stuðla að bættum vinnubrögðum við fjárlagagerð sem m.a. leiða af sér framlag fjármálstefnunnar til sveiflujöfnunar í hagkerfinu, aukið aðhald og gagnsæi í ríkisfjármálum og ýtir undir bættu áætlanagerð og opnari umræðu. Þetta stuðlar að upplýstri ákvarðanatöku og auknum fyrirsjáanleika í aðgerðum stjórnvalda, sem um leið stuðlar einnig að auknum stöðugleika. Þetta er mikilvægur þáttur í að ná því markmiði sem ofangreind tillaga leggur til og hemja sveiflur hagkerfisins og krónunnar.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

¹ http://www.vi.is/files/2010.02.16%20Skýrsla%20-%20Fjarmal%20hins%20opinbera_264062617.pdf

² http://www.vi.is/files/2010.06.14%20Skodun%20fjarlog%20nyrri_1283760831.pdf

³ <http://www.vi.is/um-vi/frettir/eldra/2010/10/>